



## Umsókn um stuðning fyrir börn og fjölskyldur þeirra

### Upplýsingar

Með þessari umsókn ert þú að sækja um stuðning fyrir börn og fjölskyldur. Stuðningurinn getur miðað að því að styrkja foreldra eða forsjáraðila við uppeldi barna eða til að styrkja þá í uppeldishlutverki sínu svo þeir geti búið börnum sínum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði. Einnig getur stuðningurinn verið fyrir börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðinga, langvinnra veikinda og/eða félagslegra aðstæðna.

### Persónuupplýsingar

|                         |                                                                                                                                                                                                                                                          |
|-------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Nafn barns:</b>      | <b>Kennitala:</b>                                                                                                                                                                                                                                        |
| <b>Hvar býr barnið?</b> | Hjá báðum forsjáraðilum <input type="checkbox"/><br>Til skiptis jafnt hjá báðum forsjáraðilum <input type="checkbox"/><br>Hjá öðrum forsjáraðilanum <input type="checkbox"/><br>Annað fyrirkomulag <input type="checkbox"/> Hvernig er því háttað? _____ |

### Forsjáraðilar

|                        |                                                                                 |                                                                                    |
|------------------------|---------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Forsjá barns:</b>   | Sameiginleg <input type="checkbox"/><br>Forsjáraðili 1 <input type="checkbox"/> | Forsjáraðili 2 <input type="checkbox"/><br>Aðrir <input type="checkbox"/>          |
| <b>Forsjáraðili 1:</b> | <b>Kennitala:</b>                                                               |                                                                                    |
| Heimilisfang:          | Póstfang:                                                                       | Sími/símar:                                                                        |
| Netfang:               | móðurmál:                                                                       | Þörf fyrir túlkapjónustu: já <input type="checkbox"/> nei <input type="checkbox"/> |
| <b>Forsjáraðili 2:</b> | <b>Kennitala:</b>                                                               |                                                                                    |
| Heimilisfang:          | Póstfang:                                                                       | Sími/símar:                                                                        |
| Netfang:               | móðurmál:                                                                       | Þörf fyrir túlkapjónustu: já <input type="checkbox"/> nei <input type="checkbox"/> |

### Upplýsingar um barn

Er barnið/ungmennið með fötlun?    já ☐ nei ☐

**Ástæða umsóknar:**

---

---

---

---

---

## Staðfesting

Ég staðfesti að allar upplýsingar sem veittar eru í sambandi við umsókn þessa eru réttar. Ég skuldbind mig til þess að upplýsa velferðarsvið um breytingar á búsetu og félagslegum aðstæðum sem áhrif kunna að hafa á umsóknina.

Til að geta sannreynt rétt minn á stuðningi samkvæmt reglum Kópavogsbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og samkvæmt VII. og VIII. Kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 með síðari breytingum og eftir atvikum 8. gr. og IV. kafla laga, nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, þarf velferðarsvið Kópavogsbæjar að afla persónuupplýsinga er mig varða. Vakin er athygli á vinnslu persónuupplýsinga af hálfu velferðarsviðs á næstu blaðsíðu.

Kópavogi, \_\_\_\_\_  
dagsetning

\_\_\_\_\_  
Undirskrift forsjáraðila

## Persónuvernd

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni og lagt mat á rétt þinn er velferðarsviði Kópavogsbæjar nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú veitir og er aflað í umsóknarferlinu.

### Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Kópavogsbæ er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar til að leggja mat á umsókn um stuðningsþjónustu. Vinnslan byggir á lagaskyldu, þ.e. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 með síðari breytingum. Veitir þú ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.

### Hvaða upplýsingar er unnið með?

Réttur til stuðnings byggir á stöðu og aðstæðum umsækjenda í margvíslegum skilningi. Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

**Almennar persónuupplýsingar:** Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, fjölskyldugerð, kennitala, símanúmer, netfang, húsnæðisstaða og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

**Viðkvæmar persónuupplýsingar:** Örorku- og umönnunarmat eða staðfest fötlunargreining, eftir því sem við á. Læknisvottorð, sálfræðimat, SIS-mat, félagsleg staða og fjölskylduaðstæður.

**Hvaðan koma upplýsingarnar?** Umsækjandi veitir framangreindar upplýsingar auk þess sem Kópavogsbær sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár. Einnig geta upplýsingar borist frá fleiri aðilum s.s. Tryggingastofnun, Útlendingastofnun, heilbrigðisstofnunum, sýslumönnum, grunn- og leikskólum, frístundaúrræðum, barnaverndarnefndum og öðrum þjónustuveitendum.

### Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Kópavogsbæ.

### Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Kópavogsbær gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

### Miðlun persónuupplýsinganna til þriðja aðila

Að tilgreindum tíma liðnum er Kópavogsbæ skylt að afhenda Héraðsskjalasafni öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknir um stuðning til varðveislu. Kópavogsbær mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema bænum sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun Kópavogsbær ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

### Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Kópavogsbær vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Kópavogsbæjar sem aðgengileg er á heimasíðu bæjarins.

### Kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Kópavogsbæjar [personuverndarfulltrui@kopavogur.is](mailto:personuverndarfulltrui@kopavogur.is)

Velferðarsvið Kópavogsbæjar  
Vallakór 4  
203 Kópavogur  
Sími: 441-0000  
Netfang: [velferd@kopavogur.is](mailto:velferd@kopavogur.is)